

11. gr.

Með mál, sem rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal farið að hætti opinberra mála og varða brot á viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 38, 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða.

12. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. mgr. 4. gr. laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða og 1. gr. laga nr. 34, 17. maí 1976, um veiðar íslenskra skipa utan fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 528 28. desember 1992 um loðnuveiðar ásamt síðari breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða.

Á loðnuvertíðinni 1992/1993, sbr. 1. gr., er íslenskum veiðiskipum heimilt að veiða 390 þúsund lestir af loðnu.

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 2. gr. gilda ákvæði l. nr. 32/1976 um upptöku ólöglegs sjávarafra varðandi ólöglegar loðnuveiðar fram til 1. september 1992 sbr. 14. gr. l. nr. 37/1992.

Sjávarútvegsráðuneytið, 8. júlí 1992.

Þorsteinn Pálsson.

Árni Kolbeinsson.

SAMÞYKKT**um gatnagerðargjöld í Grindavík.**

1. gr.

Af öllum nýbyggingum, svo og stækkunum eldri húsa hvort sem er á eignar- eða leigulóð í Grindavík, skal greiða gatnagerðargjald til bæjarsjóðs, eftir því sem nánar segir í samþykkt þessari.

Af rúmmetraaukningu vegna endurbyggingar þaka, án aukningar á nýtanlegu húsrými, skal ekki greiða gatnagerðargjald.

2. gr.

Af hverjum rúmmetra húss greiðist ákveðinn hundraðshluti byggingarkostnaðar á rúmmetra eins og hann er hverju sinni á vísitöluhúsi samkvæmt útreikningi Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús með eða án tvíbýlisaðstöðu	3,0%
Bífreidageymslur	3,0%
Parhús, raðhús og tvíbýlishús	2,0%
Verslunar- og skrifstofubyggingar	2,0%
Fjölbýlishús	1,0%
Iðnaðar- og atvinnuhúsnæði	1,0%

3. gr.

Rúmmál húss skal reikna skv. ÍST 50 og samþykktum uppdráttum. Nú er ekki fyrirbyggjandi samþykktur uppdráttur, skal þá miða við eftirtaldar lágmarksstærðir fyrir hverja íbúð í húsi:

Einbýlishús með tilheyrandi bifreiðageymslu	500 m ³
Raðhús	400 m ³
Fjölbýlishús	300 m ³

Í atvinnuhúsnæði skal við útreikning rúmmáls til gatnagerðargjalds miðað við lofthæð 3,5 m nema uppdráttur sýni annað. Áætla skal nýtingarhlutfall lóðar 0,3–0,5 eftir nánari ákvörðun byggingarnefndar hverju sinni, ef það er ekki bundið að öðru leyti í samþykktu deiliskipulagi.

4. gr.

Ef lóðarhafi rífur gamalt hús eða flytur það af lóð og byggir stærra hús á sömu lóð skal gjald skv. 2. gr. vera rúmmetragjald nýja hússins að frádregnum rúmmetrum þess húss, sem fjarlæggt er. Sama gildir ef hús brennur og byggt er að nýju á sömu lóð.

Ekki verður rúmmetragjald endurgreitt ef hús er minna en eldra húsið.

5. gr.

Greiða skal 50% áætlaðs gatnagerðargjalds innan eins mánaðar frá lóðarveitingu og eftirstöðvar þegar byggingarleyfi er veitt.

6. gr.

Óski lóðarhafi að skila lóð, á hann rétt á endurgreiðslu á greiddu gatnagerðargjaldi, þ.e. sömu krónutölu og hann hafði greitt. Heimilt er bæjarstjóra að fresta endurgreiðslu uns lóðin hefur verið veitt að nýju, þó ekki lengur en 12 mánuði frá því að lóðinni er skilað. Sama gildir ef lóð er tekin af lóðarhafa vegna vanefnda hans á skilmálum. Sé heimild til að fresta endurgreiðslu notuð, skal bæjarsjóður greiða lóðarhafa meðaltals innlánsvexti samkvæmt útreikningi Seðlabanka Íslands af innstæðu hans frá því lóðinni var skilað eða hún af honum tekin.

7. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum og kostnaði fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla, og tekur einnig til váttryggingarfjár hennar.

8. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjaldskrána um allt að 25%.

Bæjarstjórn er heimilt að leita tilboða í tilteknar lóðir, m.a. þar sem ætlast er til að lóðarhafi annist gatnagerðarframkvæmdir að hluta, eða að bæjarstjórn hyggst kaupa hluta áformaðra framkvæmda lóðarhafa.

Samþykkt þessi, sem gerð er af bæjarstjórn Grindavíkur, staðfestist hér með, samkvæmt lögum nr. 51/1974 um gatnagerðargjöld, til að öðlast gildi þegar í stað.

Félagsmálaráðuneytið, 2. júlí 1992.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Berglind Ásgeirsdóttir.